

Ísafjörður 31. desember 2020

## Varðar: Áform um friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 5. nóvember 2020 er varðar áform um friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum.

### Stærð og friðlýsingarskilmálar

Orkubú Vestfjarða telur mikilvægt að þegar ákvörðun verður tekin varðandi friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum, þá verði stærð þjóðgarðsins og friðlýsingarskilmálar ítarlega rædd út frá öllum sjónarhornum.

Orkubúið hefur á þessu stigi ekki myndað sér ákveðna skoðun á því hver stærð og lega þjóðgarðsins ætti að vera eða nákvæmlega hvernig friðlýsingarskilmálum eigi að vera háttað. Orkubúið lítur þó á það sem sitt hlutverk að benda á nauðsyn þess að litið verði til möguleika á orkunýtingu á svæðinu til að tryggja nægt framboð á orku með ásættanlegu afhendingaröryggi fyrir íbúa og starfsemi fyrirtækja á Vestfjörðum auk nægilegs framboðs fyrir orkuskipti í fyrirsjáanlegri framtíð. Nauðsynlegt er að þá sé litið til næstu áratuga þannig að ekki verði lokað á eðlilega framþróun samfélagsins og möguleika til vaxtar. Á sama tíma þarf að sjálfsögðu að huga að þjóðhagslegri hagkvæmni. Nálægð Vestfjarða við fengsæl fiskimið og uppbygging sem nú stendur yfir í nýjum atvinnugreinum kallar á mun meiri orkunotkun á svæðinu innan innan örfárra áratuga en nú er.

### Orkuflutningur

Hvað orkuflutning áhrærir þá liggja mikilvægustu flutningslínur Vestfjarða fyrir raforkuflutning, Mjólkár lína og Tálknafjarðarlína, að hluta til innan svæðisins, en þær eru báðar u.þ.b. 40 ára gamlar. Það hefur sýnt sig í gegnum áratugina að línurnar þyrftu að vera sterkbyggðari til að standast þau veðuráhrif sem þar verða með reglulegu millibili. Gera þarf ráð fyrir að þegar línurnar verða endurnýjaðar innan einhverra ára eða áratuga, þá sé hægt að byggja þær öflugri og jafnvel með meiri flutningsgetu en þær hafa í dag. Rétt er að geta þess að það er stefna stjórnvalda að afhendingarstaðir Landsnets í megin flutningskerfinu verði N-1 tengdir fyrir árið 2030 og í svæðisbundnum kerfum fyrir árið 2040. Það þýðir t.d. að tvöfalda þarf Mjólkár línu fyrir árið 2030 eða koma upp nægilega öflugri virkjun innan svæðisins sem tryggt gæti sama öryggi.

### Orkuvinnsla

Innan umrædds svæðis eru þekktir valkostir til orkuvinnslu og má færa rök fyrir því að nýting sumra þeirra valkosta hafi í för með sér minna rask en aðrar framkvæmdir sem hafa þegar farið fram innan svæðisins eða eru þar áformaðar. Ýmsir orkunýtingarvalkostir eru alveg óútfærðir, bæði hvað varðar stærð og legu og því liggja hugsanleg umhverfisáhrif ekki fyrir.

Nauðsynlegt er að orkuvinnsla njóti sannmælis þegar kemur að umfjöllun um umhverfisáhrif, en það mun einmitt vera tilgangur laga um verndar- og orkunýtingaráætlun þar sem segir í 1. gr.:

*„Markmið laga þessara er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“*

Það er alveg ljóst að erfitt er að ætla einhverjum að ljúka því flókna verkefni sem felst í laganna ramma og vitnað er til hér að ofan, á nokkrum vikum þótt á hinn bóginn megi fullyrða að niðurstaða varðandi ákveðin svæði sé fyrirfram ljós. Ekki verður því gerð tilraun hér í þessari umsögn til að fjalla um ákveðna orkunýtingarmöguleika á svæðinu, en fulltrúar Orkubúsins eru tilbúnir í þá umræðu hvenær sem er.

### Orkuskipti

Ef orkuskipti ganga eftir svo sem áformað er, þá þarf með einhverjum hætti að tryggja að hægt sé að afhenda orku í ákveðnum magni á ákveðnum hnútpunktum í vegakerfinu og á höfnunum til skipa. Í dag liggja ekki fyrir áætlanir um hvernig það skuli gert. Gróft mat sýnir hinsvegar glögglega að orkuvinnsla og innviðir á svæðinu duga ekki til að mæta þörfinni á öllum slíkum mikilvægum stöðum jafnvel þótt bara sé horft til þarfa vegna fólks- og flutningabifreiða, innan örfárra ára, hvað þá skipa eða flugvéla. Áætlanir um friðlýsingu hljóta að þurfa að taka tillit til þessara þátta, í anda orkustefnunnar.

### Niðurstaða

Það er niðurstaða Orkubús Vestfjarða að á þessum tímamarki ætti að huga að áfangaskiptingu friðlýsingar eða friðlýsingu á afmörkuðum svæðum innan heildarsvæðisins. Síðan mætti taka umræðuna um önnur svæði og móta tillögu um næstu skref varðandi þjóðgarð og friðlýsingarskilmála eða jafnvel sérstaka skilmála fyrir jaðarsvæði þjóðgarðs þar sem orkunýting væri heimil að ákveðnu marki, í ljósi niðurstöðu slíkrar umræðu. Þær gríðarlegu breytingar sem orðið hafa á örfáum árum og framundan eru varðandi nýtingu grænnar orku í heiminum sýna glöggt hvað breytingar geta gerst hratt og ýta undir þá skoðun að komandi kynslóðir eigi að koma að ákvörðunum um nýtingu einstakra svæða á Íslandi til orkunýtingar eða friðunar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Orkubús Vestfjarða

  
Elías Jónatansson, orkubússtjóri